

Fyrirspurn Jóns Inga ásamt greinargerð.

Bkv,
Ábg

Get [Outlook for iOS](#)

From: Jón Ingi Hákonarson <jonh@hafnarfjordur.is>
Sent: Wednesday, January 27, 2021 7:01:51 PM
To: Ágúst Bjarni Garðarsson <agustg@hafnarfjordur.is>
Subject: spurning mín ásamt greinargerð

Fulltrúi Viðreisnar óskar eftir upplýsingum um hvernig staðið sé að upplýsingagjöf um réttindi fatlaðs fólks á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Greinargerð

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hafa borist ábendingar um að upplýsingum um réttindi og þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga sé ábótavant. Kveðið er á um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga í 32. gr. [laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir](#). Gott aðgengi að upplýsingum um rétt fatlaðra til þjónustu er hér veigamikill þáttur.

Á grundvelli fyrrnefndra ábendinga var ákveðið að framkvæma athugun á vefsíðum nokkurra sveitarfélaga og athuga hvort þar væri að finna upplýsingar um þjónustu samkvæmt tíu greinum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Athugunin fór fram á tímabilinu 17. júlí til 3. ágúst 2020. Vefsíður eftirfarandi sveitarfélaga voru skoðaðar: Akureyrarbær, Fljótshálsa, Garðabær, Ísafjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Stykkishólmsbær. Niðurstöður athugunarinnar ættu að gefa vísbendingar um þau atriði sem sveitarfélög landsins mættu almennt bæta varðandi aðgengi að upplýsingum um réttindi og þjónustu fatlaðs fólks.

Niðurstöður athugunar

Á vefsíðum þeirra sveitarfélaga sem kannaðar voru var sjaldan vísað í gildandi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þar sem vísað var til laga var oftast vísað til eldri laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Niðurstöður athugunarinnar sýndu að upplýsingar um þjónustu og réttindi fatlaðs fólks þyrftu almennt að vera ítarlegri og upplýsingar uppfærðar í takt við núgildandi lög um þjónustuna. Vefsíður þeirra sveitarfélaga sem athugunin náði til og voru með hvað lakast aðgengi að upplýsingum um þjónustu höfðu lítið verið uppfærðar síðan árið 2012. Þar sem umsóknir um þjónustu voru til staðar, voru þær yfirleitt aðgengilegar og auðvelt að fylla þær út. Einnig voru reglur oftast

aðgengilegar og með tilvísun í lög, en þó oft í eldri lög sem fallin eru úr gildi. Gæta þarf að því að hlekkir á vefsíðum sveitarfélaga séu virkir og uppfærðir og upplýsingar uppfærðar samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi.

8. gr. Stoðþjónusta

Upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna um stoðþjónustu voru mjög takmarkaðar. Í ljós kom að upplýsingar allra átta sveitarfélaganna byggðu á eldri lögum. Upplýsingarnar voru því fyrst og fremst um stuðningsþjónustu sem byggir á eldri lögum. Margar reglur sveitarfélaganna um stuðningsþjónustu voru frá 2012 og hafa ekki verið gerðar breytingar á þeim en gjaldskrár eru oftast en ekki uppfærðar á hverju ári og margar tóku gildi árið 2020.

9. gr. Búseta

Upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna átta um búsetu voru í mörgum tilfellum fremur óskýrar og nokkuð vantaði upp á að vísað væri í lög, reglugerðir og reglur. Einnig vantaði oftast en ekki hlekkir á umsóknir eða þá að hlekkir voru óvirkir. Aðeins tvö sveitarfélög vísuðu í lög nr. 38/2018 og eru reglur þeirra sveitarfélaga frá 2019 og 2020. Eitt sveitarfélag vísaði í reglugerð 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, sem féll úr gildi við setningu laga nr. 38/2018.

10. gr. Notendasamningar

Upplýsingar um notendasamninga á vefsíðum sveitarfélaganna voru aðeins til staðar í einu sveitarfélaganna. Þar voru notendasamningar taldir upp undir þjónustu og stuðningi við fatlað fólk. Ekki voru nánari útskýringar til staðar og ekki var að finna upplýsingar á öðrum vefsíðum um notendasamninga.

11. gr. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Upplýsingar um NPA þjónustu var að finna á vefsíðum fimm sveitarfélaga af átta. Misjafnt var hve aðgengilegar og ítarlegar upplýsingarnar voru. Af þeim fimm vefsíðum þar sem fjallað var um NPA vísuðu tvær í lög nr. 38/2018 en þrjár í lög nr. 59/1992. Sveitarfélögin fimm voru öll með reglur sveitarfélagsins um NPA aðgengilegar en eingöngu eitt þeirra var með reglur um NPA frá 2019 en fjögur með reglur frá 2012.

12. gr. Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir og þjónustuteymi

Hvergi var að finna upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna um gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana og þjónustuteyma.

15. gr. Stuðningsfjölskyldur

Á flestum vefsíðum sveitarfélaganna átta komu fram upplýsingar um stuðningsfjölskyldur, hvað felist í stuðningsfjölskyldu og hverjir geti sótt um þjónustuna. Mismunandi var hvort hlekkir væru virkir eða ekki. Alltaf var vísað í lög nr. 59/1992. Ein undantekning var þó frá því þar sem á vefsíðu eins sveitarfélags var hvoru tveggja vísað í eldri lög og í lög nr. 38/2018.

16. gr. Frístundaþjónusta

Á vefsíðum sveitarfélaganna er hvergi minnst á frístundaþjónustu fyrir fatlaða.

17. gr. Skammtímadvöl

Upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna átta um skammtímadvöl voru af skornum skammti. Engar upplýsingar var að finna á vefsíðum tveggja sveitarfélaga og takmarkaðar upplýsingar var að finna á hinum sex vefsíðunum. Þar sem einhverjar upplýsingar voru til staðar var í öllum tilvikum nema einu bent á umsóknir eða aðrar upplýsingasíður.

18. gr. Sumardvöl

Aðeins var að finna upplýsingar um sumardvöl í upptalningu á úrræðum í boði á vefsíðu eins sveitarfélags.

24. gr. Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta

Upplýsingar á vefsíðum sveitarfélaganna átta um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu voru litlar. Engar upplýsingar var að finna á vefsíðum fjögurra sveitarfélaga og litlar upplýsingar var að finna á vefsíðum þriggja. Aðeins kom einu sinni fram að reglur væru til staðar og þá vísað í eldri lög nr. 59/1992.